

Miðvikudaginn 23. mars 1994.

Nr. 105/1994.

Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Hólmi hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar sl., sem barst réttinum með kærumálgögnum 8. þessa mánaðar. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Með málinu er og skotið úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða 1. desember 1993, þar sem synjað var kröfu sóknaraðila og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga um frávísun. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að málinu verði vísað frá Héraðsdómi Vestfjarða, en til vara, að staðfest verði ákvörðun sýslumannsins á Patreksfirði 24. maí 1993 um að úthluta til sín 2.855.634 krónum af söluandvirði skipsins Eleseusar BA-328. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar.

Í frávísunarþætti málsins krefst varnaraðili þess aðallega, að kröfu sóknaraðila um frávísun frá Héraðsdómi Vestfjarða verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfunni verði hafnað. Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðila verði úthlutað 313.831 krónu af uppboðsandvirði skipsins. Jafnframt krefst hann málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar.

Með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða 1. desember sl. var kröfu sóknaraðila um frávísun málsins frá dómi hafnað. Taldi héraðsdómari að varnaraðili hefði ekki firrt sig rétti til að bera ákvörðun sýslumanns undir héraðsdóm. Samkvæmt 4. mgr. 150. gr., sbr. 1. mgr. 151. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var sóknaraðila heimilt að kæra til Hæstaréttar synjunarúrskurð Héraðsdóms Vestfjarða um frávísun málsins frá héraðsdómi, jafnframt því sem hann kærði efnisúrskurð.

Þann 25. júní 1992 var mb. Eleseus BA-328 seldur nauðungarsölu hjá sýslumanninum á Patreksfirði, og var varnaraðili hæstbjóðandi. Frumvarp til úthlutunar var gefið út 24. september sama ár, og var sóknaraðila úthlutað af söluandvirðinu 2.859.481 krónu. Varnaraðili mótmælti þessari úthlutun frumvarpsins innan lögboðins frests og fylgdi þeim mótmælum eftir með nokkrum bréfum. Fundur sýslumanns um mótmælin var fyrst haldinn 24. maí 1993. Á þeim fundi voru meðal annars mættir lögmennt sóknaraðila og varnaraðila. Var þeim gefinn kostur á að tjá sig um mótmæli gegn frumvarpinu. Lögmaður sóknaraðila krafðist þess, að frumvarpið gildi um úthlutun til hans, þó þannig að hann lækkaði kröfuna líttilega. Í framhaldi af því var bókað eftir lögmanni varnaraðila, að hann mótmælti þessari úthlutun og áskildi sér rétt til að vísa málinu til Héraðsdóms Vestfjarða. Tók þá sýslumaður ákvörðun um, að krafa sóknaraðila ætti að standa. Um frekari yfirlýsingu eða bókun af hálfu varnaraðila var ekki að ræða. Í lok sama fundar var hins vegar bókað eftir lögmanni annars kröfuhafa, að hann vísaði ágreiningi um sjóveðskröfur skjólstaðings síns til Héraðsdóms Vestfjarða.

Í 2. mgr. 73. gr. laga um nauðungarsölu segir, að sá, sem vilji leita úrlausnar héraðsdómara, skuli lýsa því yfir við fyrirtöku á nauðungarsölunni, þar sem sú ákvörðun kemur fram, sem leita á úrlausnar um. Þá er mælt svo fyrir í 3. mgr. sömu greinar, að komi yfirlýsing fram við fyrirtöku máls, skuli um hana bókað í gerðabók ásamt því, sem hlutaðeigandi mun krefjast fyrir dómi. Samkvæmt skýlausum fyrirmælum ákvæðisins bar varnaraðila að lýsa yfir vilja sínum til að leita úrlausnar dómstóla þegar á fundinum 24. maí, er sú ákvörðun sýslumanns lá fyrir, að krafa sóknaraðila ætti að standa og hvaða dómkröfur hann myndi gera. Áskilnaður um þetta nægir ekki. Samkvæmt þessu kom yfirlýsing varnaraðila í bréfi 25. maí 1993 um að leita úrlausnar Héraðsdóms Vestfjarða of seint fram. Breytir hér engu, að í því bréfi vísaði varnaraðili til þess, að fram hafi komið á fundinum daginn áður, að hann myndi leita úrlausnar héraðsdómara.

Rétt þykir að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Héraðsdómi Vestfjarða.

Varnaraðili, Hólmur hf., greiði sóknaraðila, Vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga, 250.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.
